

16. desember 2019

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir brennu á gamlárskvöld árin 2019-2023 á Vopnafirði.

Umsókn um endurnýjun tímabundið starfsleyfis fyrir brennu á gamlárskvöld árin 2019-2023 að báðum árum meðtöldum á Vopnafirði, Búðaröxl ofan þéttbýlis, barst 4.10.2019. Umsækjandi er Vopnafjarðarhreppur, kt. 710269-5569. Ábyrgðarmaður brennur er Oddur Pétur Guðmundsson, kt. 190384-3309.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 13. nóvember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 12. desember 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi